

Alþingi
Atvinnuveganefnd Alþingis
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Akureyri, 10. febrúar 2021
Tilv.2021-01-25-1317

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (atvinnu- og byggðakvótar o.fl.), 418. mál.

Vísað er til erindis frá atvinnuveganefnd Alþingis 22. janúar 2021 þar sem óskað er umsagnar Fiskistofu um ofangreint frumvarp.

Með frumvarpinu er leitast við að skapa skýrari lagalegan grundvöll fyrir meðferð og ráðstöfun þeirra aflaheimilda sem ríkið hefur til ráðstöfunar árlega til atvinnu- og byggðaráðstafana og skilgreina betur tilgang og markmið úthlutunarinnar. Fiskistofa er það stjórnvald sem fer með framkvæmd úthlutunar aflaheimilda sem ríkið hefur til ráðstöfunar. Fiskistofa fær ekki séð að hlutverk stofnunarinnar við framkvæmd úthlutunar aflaheimilda sem ríkið hefur til ráðstöfunar muni breytist frá því sem nú er og fellur efni frumvarpsins vel að núverandi starfsemi Fiskistofu.

Líkt og fram kemur í greinagerð úthlutar Fiskistofa töluverðum verðmætum á hverju fiskveiðiári til atvinnu- og byggðaráðstafana. Mikilvægt er því að reglur séu skýrar og stjórnsýsluframkvæmd fyrirsjáanleg. Fiskistofa telur efni frumvarpsins styðja við það markmið.

F.h. Fiskistofu

Erna Jónsdóttir

Erna Jónsdóttir

